

Stjórnugrís hf.
Saltvík 1
162 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2022
UST202209-205/H.G.
08.04

Efni: Ákvörðun um þörf á endurskoðun á starfsleyfi og uppfærslu- Stjórnugrís hf. Brautarholt

Umhverfisstofnun tilkynnir Stjórnugrís hf., kt. 600667-0179 að þörf sé á endurskoðun og uppfærslu á starfsleyfi Stjórnugrís hf. að Brautarholti. Starfsleyfið var gefið út af heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 8. október 2013 og gildir til 8. október 2025 en með breytingu á lögum nr. 7/1998 með lögum nr. 66/2017 var starfsleyfið og eftirlitið með starfseminni fært til Umhverfisstofnunar.

Þann 3. júní 2022 lágu fyrir niðurstöður dómkvaddra matsmanna um áhrif þaueldis á umhverfi og fasteignir að Brautarholti, Kjalarnesi. Umhverfisstofnun barst þann 2. ágúst sl. hluta af matsgerðinni en hún var send til lögmanns Stjórnugrís þann 8. september sl.

Besta aðgengilega tækni (BAT)

Endurskoðunin fer fram á grundvelli ákvæða í starfsleyfinu og einnig skv. 2. mgr. 5. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Meginatriðið er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin vegna breytinga á reglum um bestu aðgengilegu tækni en metin verður þörf á uppfærslu annarra ákvæða. Í 4. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018, segir að útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra ára frá birtingu BAT niðurstaða varðandi aðalstarfsemi stöðvar tryggja að öll starfsleyfisskilyrði fyrir viðkomandi stöð séu endurmetin og ef nauðsyn krefur uppfærð þannig að stöð uppfylli starfsleyfisskilyrði. BAT-niðurstöður vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína voru gefnar út 15. febrúar 2017 með ákvörðun (ESB) 2017/302 og innleiddar með reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun.

Með bréfi dags. 27. nóvember 2020 óskaði Umhverfisstofnun eftir að rekstraraðili legði fram áætlun, sbr. gr. 4.4 í almennum starfsleyfisskilyrðum sem er fylgiskjal við starfsleyfi Stjórnugrís hf., um hvernig rekstraraðili ætli að aðlaga starfsemi sína og uppfylla nýjar kröfur vegna breytinga á bestu aðgengilegu tækni, sbr. BAT-niðurstöður vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína. Umhverfisstofnun fékk áætlunina þann 27. janúar 2021 og var hún yfirfarin í eftirliti þann 3. desember 2021 þar sem fram kemur að rekstraraðila var bent á að uppfæra áætlunina.

Í 2. kafla starfsleyfis Stjórnugrís er til að mynda mælt fyrir um heimild fyrir losun blauthluta svínamykjunnar í sjó um rás. Í kaflanum segir að þýnningarsvæðið skuli aldrei

ná nærri landi en stórstraumsfjörumörk. Þessi losun samræmis ekki BAT ákvæðum þar sem BAT gengur eingöngu út frá því að húsdýraáburður sé borinn á land en ekki í vatn (BAT 20-22).

Ljóst er af áætluninni og niðurstöðum dómkvaddra matsmanna að starfsemin uppfyllir ekki allar kröfur BAT-niðurstaðanna og því er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að uppfæra starfsleyfið.

Skipulag

Starfsemi Stjórnugrís í Brautarholti er á landbúnaðarsvæði (L1) samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur sem gildir til 2040. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 skal allur atvinnurekstur vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Landbúnaður er skilgreindur í e. lið 2. mgr. gr. 4.3.1 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og er landbúnaðarsvæði skilgreint í q. lið gr. 6.2 sömu reglugerðar. Starfsemi á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst ætluð fyrir landbúnaðarstarfsemi og búrekstur en þar getur átt heima önnur starfsemi eða mannvirki (ferðaþjónusta, fjarskiptamannvirki o.fl.) að því umfangi að hún styðji við landbúnaðarstarfsemi og hafi ekki veruleg umhverfisáhrif í för með sér. Stefna um hvaða atvinnustarfsemi önnur en hefðbundinn landbúnaður er heimil á bújörðum og viðmið um aðstæður og umfang. Með vísan dóms Hæstaréttar dags. 26. apríl 2012 máli nr. 523/2011 staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms þess efnis að búskapur, sem felur í sér stóriðju í matvælaframleiðslu, verði ekki með nokkru móti jafnað til landbúnaðar í hefðbundnum skilningi eins og hann hefur löngum verið stundaður hér á landi. Í dóminum er vísað til þess að sé starfsemin leyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 og sé auk þess matsskyld eigi hún ekki að vera á landbúnaðarsvæði.

Stjórnugrís er með heimild til að vera með 4.000 dýr í Brautarholti en framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Stöðvar með þaueldi svína með a.m.k. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eru ávallt háð mati á umhverfisáhrifum þar sem það fellur undir flokk A. Þá er starfsemin starfsleyfisskyld skv. viðauka 1 laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Iðnaðarsvæði er skilgreint í f. lið 2. mgr. gr. 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 sem svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér. Ljóst er að starfsemi Stjórnugrís hefur í för með sér losun mengandi efna og er umfangsmikil.

Umhverfisstofnun fær ekki séð að starfsemin samræmist skipulagi og telur mikilvægt að skipulaginu verði breytt þannig hún verði á iðnaðarsvæði. Af öðru skapi er ljóst að fækka þurfi dýrum þannig heimild sé aðeins veitt til að vera með færri en 3.000 dýr. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gefur út starfsleyfi fyrir þaueldi sem er með svín með pláss fyrir 3.000 svín sem eru yfir 30 kg.

Upplýsingar

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er krafist þess að umsækjandi sendi inn formlega umsókn. Hins vegar er bent á að rekstraraðila er skylt að leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin að beiðni starfsleyfisútgefanda, skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sinni aðili ekki fyrir mælum innan tiltekins frests hefur stofnunin heimilt til að beita þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 eiga fyrirtæki að skila skýrslu um grunnástand í samræmi við 2. mgr. 15. gr. sömu reglugerðar séu starfsleyfi uppfærð.

Birting

Umhverfisstofnun skal hafa upplýsingar um ákvarðandi um þörf á endurskoðun á vefsvæði sínu, sbr. 11. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Stofnunin mun því birta ákvörðun þessa á síðu fyrirtækisins.

Gjaldtaka

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna mats á endurskoðun og breytingu starfsleyfa skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2018 eða 158.200 kr. Hafi endurskoðun og breyting á starfsleyfi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldinu er heimilt að innheimta úmagjald fyrir slíka umframvinnu en þá skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Umhverfisstofnun er reiðubúin að funda með fyrirtækinu til að ræða næstu skref í þessu verkefni verði farið fram á það.

Virðingarfyllt,

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur